Nr. 1.
12.
jan.

# Hafnarreglugjörð

fyrir

Reykjavíkur kaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 12. janúar 1895 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkur kaupstað.

## I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, eptir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum, eða ef um skip ræðir, er fara að eins milli hafna á Íslandi, þá er þau hið fyrsta sinn á árinu leita inn á höfnina, þannig:
   a. af skipum, sem eru eign búsettra manna í Reykjavík, 3 aura af smálest hverri;
   b. af skipum utanbæjarmanna 5 aura af smálest hverri.

   Þá er skip tekur úr landi eða flytur í land vörur eða farþegja, geldur það enn fremur 10 a. af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar, innan- eða utanríkis eign.

   Hafnargjöldin og önnur gjöld þau, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.
2. Hafni skip sig optar en einu sinni á árinu á Reykjavíkur höfn, greiðast gjöldin eigi að fullu nema hið fyrsta skiptið, en aðeins með $^3/_4$ hin önnur skiptin.
3. Af þilbátum, sem eigi eru mældir til lestatals, greiðast hafnargjöld, þá er þeir eru hafðir til vöruflutninga. Ef þeir eru eign bæjarmanna, greiðast hafnargjöld af 4 smálestum, en af 8, ef utanbæjar eru.

## II. Aukagjald.

1. Öll utanbæjarskip, sem dregin eru á land á Reykjavíkur fjöru til hreinsunar eður aðgerðar, gjalda fyrir hvern sólarhring, er þau þannig liggja á þurru, 2 aura af hverri smálest, sem þau eru mæld til, og telst partur úr sólarhring sem heill væri.
2. Öll skip, sem eptir áðurtöldu eiga að greiða hafnargjald og hafna sig á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 2 kr. í hvert sinn, er þau leita hafnar á þessu tímabili.

# Havnereglement

for

# Reykjavik Købstad.

Nr. 1.
12te
Jan.

Ministeriet for Island har under 12te Januar 1895 anordnet følgende Havnereglement for Reykjavik Købstad.

## I. Havnepenge.

1. Af alle Fartøjer (med de neden anførte Undtagelser), som ere ansatte til Drægtighed, hvad enten de ere bestuvede med Gods, ballastede eller tomme, betales i Havneafgift af den fulde Drægtighed, hver Gang de ankre op inden for de Øer, som danne Havnen, efter at være ankomne fra Danmark eller Udlandet eller, for de Skibes Vedkommende, der kun sejle mellem islandske Havne, første Gang de i Aaret ankre op paa Havnen, saaledes:
   a. af de Fartøjer, der tilhøre i Reykjavik bosatte Mænd, 3 Ø. for hver Ton,
   b. af udenbys Fartøjer 5 Ø. for hver Ton.

   Naar Fartøjet fra Land indtager eller til Land afskiber Varer eller Passagerer, betales der endvidere for hver Ton 10 Ø., hvad enten Fartøjet er indenbys eller udenbys, indenrigsk eller udenrigsk Ejendom.

   Havnepengene saavel som de øvrige i dette Reglement ommeldte Afgifter tilfalde Reykjavik Havnekasse.
2. Naar samme Skib flere Gange i samme Aar ankrer op paa Reykjaviks Havn, erlægges disse Afgifter ikkun med deres fulde Beløb den første Gang, hvorimod der for de øvrige Gange kun erlægges $^3/_4$ af Afgifternes Beløb.
3. Af Dæksbaade, der ikke er ansatte til Drægtighed, erlægges Havnepenge, naar de bruges til Varetransport. Afgiften beregnes for indenbys Dæksbaade som af 4 Tons Drægtighed, men for dem, der tilhøre udenbys Mænd, som af 8 Tons Drægtighed.

## II. Tillægsafgift.

1. Af alle udenbys Skibe, der oplægges paa Reykjaviks Strand for at renses eller repareres, betales for hvert Døgn, de saaledes ligge oppe, 2 Øre for hver Ton, de ere ansatte til, og regnes en Del af Døgn for helt Døgn.
2. Alle Skibe, som ifølge ovenanførte bør betale Havneafgift, og som ankre op paa Havnen i Tiden fra 14de August til 14de April, skulle erlægge 2 Kr. for Havnens Belysning (vitaljós), hver Gang de i det nævnte Tidsrum søge Havn.

Nr. 1. 12. jan.

### III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

1. Öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru, eru undanþegin hafnargjaldi.
2. Öll skip danskra þegna, sem eru að fiskiveiðum við strendur Íslands, eru undanþegin hafnargjaldi, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er veiðar þeirra og útbúnað snertir. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra hafi verið á land borinn, ef þau aptur flytja burt allan farminn og ekki annað.

Fiskiveiðaskip utanríkismanna eru ekki undanþegin hafnargjaldi.

### IV. Um notkun hafnar og hafnardufls.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma eigi nje afferma, skulu eptir nánara ákvæði hafnarnefndar leggjast svo á höfninni, að þau tálmi eigi fermingu nje affermingu verzlunarskipa.

Dufl það, sem hafnarsjóðurinn kostar, og sífellt skal liggja á höfninni, má sjerhvert skip, er hafnargjald greiðir, leggjast við, án þess fyrir það að greiða sjerstaka borgun. Vilji fleiri en eitt skip á sama tíma nota duflið, sker hafnarnefndin úr, hvert þeirra skuli vera í fyrirrúmi. Ef skip hefur notað duflið lengur en í 4 daga, getur hafnarnefndin leyft öðru skipi að komast að, ef henni þykir ástæða til þess.

### V. Seglfesta.

Seglfestu má ekki taka í landi bæjarins annarsstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir. Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje heldur flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1895 og skal endurskoðuð fyrir 1. apríl 1905.

*Í stjórnarráði Íslands, 12. janúar 1895.*

***J. Nellemann.***

---

*Ólafur Halldórsson.*

### III. Fritagelse for Havneafgift.

1. Alle Orlogsskibe og Lystfartøjer, til hvilken Nation de end høre, ere fritagne for Havneafgift.

2. Alle danske Undersaatter tilhørende Fartøjer, som gaa paa Fiskeri under Islands Kyster, ere fritagne for Havneafgift, for saa vidt de hverken losse eller lade andet, end hvad der vedrører deres Fangst og Udrustning. Ligeledes ere de Fartøjer fritagne for Havneafgift, der søge Havn formedelst Søskade, selv om deres Ladning maatte have været oplosset, hvis de igen udføre hele den indbragte Ladning og ikke andet.

Udenrigske Fiskerskibe ere ikke fritagne for Havneafgift.

### IV. Havnens og Havnebøjens Benyttelse.

Fiskerskibe og andre Fartøjer, som ikke lade eller losse, skulle efter Havnekommissionens nærmere Bestemmelse ankre saaledes i Havnen, at de ikke ere til Hinder for Ladning og Losning af Handelsskibe.

Den Bøje, der bekostes af Havnefonden og stedse skal ligge paa Havnen, kan ethvert Skib, der betaler Havneafgift, benytte uden særskilt Betaling. Ønske flere Skibe samtidig at benytte Bøjen, bliver det at afgøre af Havnekommissionen, hvilket af dem der skal have Fortrinet. Har et Skib benyttet Bøjen mere end 4 Dage, kan Havnekommissionen tilstede et andet Skib Adgang, hvis den finder Grund dertil.

### V. Ballast.

Ballast maa ikke tages paa Byens Grund undtagen paa de Steder, som Politimesteren dertil anviser. Ballast maa ikke udkastes paa Havnen, og heller ikke oplægges paa Byens Grund uden Politimesterens Samtykke.

Nærværende Reglement træder i Kraft den 1ste April 1895 og bliver at undergive en Revision inden 1ste April 1905.

**Ministeriet for Island, den 12te Januar 1895.**

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 1. Havnereglement af 12te Januar for Reykjavik Købstad.